

# Minnisblað vegna gjaldskrár fyrir sorphirðu 2012

málsnr. 1111036

**Viðtakandi:** Umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar og sveitarstjórn.

**Tilfni:** Útskýring á tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Eyjafjarðarsveit 2012.

**Dagsetning:** 16. desember 2011.

Tillagan gengur út á að sorphirðugjald endurspegli hlutfall af raunkostnað við sorphirðu miðað við það kerfi sem notað er við sorphirðuna. Þó var ekki talið rétt að lækka sorphirðugjaldið og mismunurinn notaður við að greiða niður kostnað við gámavöll og að ekki verði innheimt fyrir losun þar á árinu 2012.

Ekki er tekinn lífrænn úrgangur sunnan Miðbrautar og byggir það bæði á niðurstöðu skoðunarkönnunar sem segir að margir sunnan Miðbrautar telja ekki þörf á því úrræði vegna annarra möguleika þar. Einnig byggir þetta á hagstæðu frávikstilboði frá verktaka við val á þessari lausn og með tilliti til umhverfis-sjónarmiða þess efnis að nota minni bíl þar sem byggðin er strjálí. Í staðinn er boðið upp á vandaða jarðgerðartunnu á þessu svæði, sem er niðurgreidd um u.þ.b. 75%.

Þá er gert ráð fyrir að innheimta u.þ.b. helming af raunkostnaði við förgun dýraleifa og reynt að skipta kostnaði niður á búgreinar eftir reynslutölum úr Þingeyjarsýslu. Þar hafa dýraleifar verið brenndar að undanfögnu og eru notaðar tölur frá árunum 2010 og 2011. Reynslan þaðan sýnir að engar dýraleifar eru að koma norðan Tjörnness og því er tölum frá Norðurþingi sleppt. Mjög lítið hefur skilað sér af dýraleifum vegna sauðfjár nema úr Tjörneshreppi og þess vegna eru viðmiðunartölur vegna sauðfjár miðaðar við reynslutölur þaðan. Varðandi dýraleifar vegna svína þá er sami aðili með um 190 gyltur í Þingeyjarsveit og um 1.450 grísi í Eyjafjarðarsveit. Þess vegna var ekki hægt að nota reynslutölur vegna gyltanna, en til voru vigtartölur vegna grísanna úr Eyjafjarðarsveit 2009 og 2010 og samkvæmt þeim er úrgangur vegna grísanna rúmlega 14% af úrgangi dýraleifa í sveitarfélaginu. Varðandi nautgripi og hross þá eru notaðar reynslutölur frá Skútustaðahreppi, Tjörneshreppi og Þingeyjarsveit.

Aðferðin var síðan þannig að nota magn dýraleifa hvernar búfjártegundar í samanburðarsveitarfélögum, deila með fjölda hvernar tegundar í þeim sveitarfélögum og margfalda með fjölda hvernar tegundar í Eyjafjarðarsveit. Með þeirri aðferð fæst að 5.747 kýr í Eyjafjarðarsveit væru grunnurinn að 56 % dýraleifa í sveitarfélaginu, 5.401 kindur væru grunnurinn að 25% dýraleifa, 1.563 hross grunnurinn að 5% dýraleifa og 1.450 grísir 14% eins og áður segir.

Í öllum tilfellum er verið að notast við heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt forðagæsluskýrslu.

Áætlaður kostnaður við förgun dýraleifa í Eyjafjarðarsveit árið 2012 er um 5,2 Mkr. fyrir utan virðisaukaskatt. Ef 2,6 Mkr. er skipt eftir framangreindum niðurstöðum þá væri niðurstaðan eftirfarandi:

**Tillaga 1:**

Búfjartegund	Gjald/grip	Fjöldi gripa	Gjald
Nautgripir	253	5.747	1.456.000-
Sauðfé	119	5.401	642.000-
Hross	82	1.563	128.000-
Grísir	258	1.450	374.000-
		Samtals:	2.600.000-

Ath. að tölur sem notaðar eru við útreikninga eru með fleiri aukastöfum en koma fram í töflu.

Þegar tölur eru skoðaðar virðast þær ekki endurspeglar mun á milli búfjartegunda og fengnir voru 3 bændur til að áætla afföll af mismunandi búfjartegundum. Góð samsvörun var milli bændanna og því er lögð fram ný tillaga um gjaldtöku sem er eftirfarandi:

**Tillaga 2:**

Búfjartegund	Gjald/grip	Fjöldi gripa	Gjald
Nautgripir	300	5.747	1.724.100-
Sauðfé	50	5.401	270.050-
Hross	80	1.563	125.040-
Grísir	250	1.450	362.500-
		Samtals:	2.481.690-

Sá veikleiki var á tillögu 2 að ekki hafði verið rætt við eina svínabóndann í sveitarfélaginu. Þegar talað var við hann kom í ljós að hann hafði verið að berjast við sjúkdóma á seinasta ári, sem skýrir mun á milli ára 2009 og 2010.

Umhverfisnefnd lagði því til áfundi 15. des. 2011 að álagning vegna grísa yrði lækkuð og gjaldskráin fyrir árið 2012 verði þá eftirfarandi:

**Tillaga 3:**

Búfjartegund	Gjald/grip	Fjöldi gripa	Gjald
Nautgripir	300	5.747	1.724.100-
Sauðfé	50	5.401	270.050-
Hross	80	1.563	125.040-
Grísir	200	1.450	290.000-
		Samtals:	2.409.190-

Jónas Vigfússon, sveitarstjóri